

Ár 2017, sunnudaginn 17. desember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Jónasi Þór Guðmundssyni, Huldu Árnadóttur og Svanhildi Kaaber.

Fyrir var tekið:

## Að ákveða laun og starfskjör biskups Íslands

### I.

Ný lög um kjararáð nr. 130/2016 tóku gildi 1. júlí 2017 og leystu af hólmi lög um kjararáð nr. 47/2006. Í 3. mgr. ákvæðis til bráðabirgða með lögum nr. 130/2016 segir að þrátt fyrir gildistöku laganna skuli ákvörðun um laun og starfskjör biskups, vígslubiskupa, prófaste og presta þjóðkirkjunnar heyra undir kjararáð þar til samkomulag hafi náðst við þjóðkirkjuna um nýtt launafyrirkomulag. Þá segir í 5. mgr. fyrrnefnds ákvæðis til bráðabirgða að málum sem tekin hafa verið til meðferðar við gildistöku laganna skuli lokið samkvæmt ákvæðum laga nr. 47/2006.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni ráðsins meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana. Samkvæmt lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar fer biskup Íslands með yfirstjórn þjóðkirkjunnar. Það heyrir því undir kjararáð að ákveða biskupi Íslands laun. Mál það sem hér er fjallað um var tekið til meðferðar fyrir 1. júlí 2017 og fer því um málið samkvæmt lögum nr. 47/2006.

### II.

Kjararáði barst bréf dagsett 20. ágúst 2015 frá biskupi Íslands. Í bréfinu er þess óskað að kjararáð endurmeti launakjör biskups Íslands með hliðsjón af ábyrgð og umfangi embættisins. Segir í bréfinu að biskupsembættið sé eitt af æðstu embættum landsins og skipi forseti Íslands í það embætti. Samkvæmt lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 fari biskup með yfirstjórn þjóðkirkjunnar ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum. Eitt af meginverkefnum biskups sé að hafa tilsjón og eftirlit með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og starfi hennar í landinu. Í því felist meðal annars að biskup vísiteri kirkjur, presta og söfnuði landsins. Þjóðkirkjusóknir séu um það bil 270 talsins. Vísitásiur biskups krefjist ferðalaga um allt land og eðli málsins samkvæmt eigi sér gjarnan stað utan hefðbundins vinnutíma bæði að kvöldlagi og um helgar. Í bréfinu kemur einnig fram að biskup sé fyrrsvarsmaður og talsmaður þjóðkirkjunnar hérlandis jafnt sem erlendis og fylgi því hlutverki ýmsar starfsskyldur við opinbera viðburði og hátíðir jafnt á vegum ríkisins, kirkjunnar og annarra aðila, hérlandis og erlendis. Einnig sé biskup fulltrúi þjóðkirkjunnar í alþjóðlegu samstarfi kirkjunnar og sinni ýmsum öðrum skyldum á erlendri grundu.

Í bréfinu segir jafnframt að biskup sé forseti kirkjuráðs en ráðið fari með framkvæmdarvald í málefnum þjóðkirkjunnar og hafi yfirumsjón með ráðstöfun fjár sem veitt sé af opinberri hálfu til kirkjulegrar starfsemi. Ráðið stýri kirkjumálasjóði og jöfnunarsjóði sókna og fari með yfirstjórn allra fasteigna í eigu kirkjumálasjóðs sem séu embættisjarðir, embættisbústaðir, aflagðar prestssetursjarðir og fleira. Því sé um verulega stjórnunarábyrgð að ræða til viðbótar við aðrar skyldur biskups-embættisins.

Þá segir að biskup sé forstöðumaður biskupsstofu og sé því yfirmaður þeirra sem þar starfa og presta þjóðkirkjunnar. Alls sé um að ræða um það bil 150 starfsmenn um land allt.

Jafnframt segir í bréfinu að biskup boði biskupafund sem hann sitji með vígslubiskupum, en þeir hafi í sameiningu það hlutverk að gera tillögur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma og þau mál er varði kenninguna, helgisiði og helgihald í hendur prestastefnu og geri tillögu um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma til kirkjuþings. Biskup sitji kirkjuþing þjóðkirkjunnar með málfrelsi og tillögurétt og stýri árlegri prestastefnu og leikmannastefnu. Hann fari jafnframt með yfirstjórn kirkju- garða landsins ásamt próföstum og sé formaður kirkjugarðaráðs.

Að endingu er þess getið í bréfinu að biskup greiði nú húsaleigu fyrir afnot sín af embættisbústað þeim sem honum sé skylt að sitja.

Með bréfum dagsettum 11. september 2015 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti og innanríkisráðuneyti kost á að leggja fram greinargerðir vegna erindis biskups Íslands, sbr. 6. gr. laga um kjararáð 47/2006.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti sendi kjararáði bréf dagsett 30. október 2015. Í bréfinu segir að kjararáð skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í Þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Biskup fari fram á endurmat launakjara og fari í bréfi sínu yfir starfssvið embættisins. Einnig sé í bréfi biskups bent á að hann greiði nú húsaleigu fyrir afnot sín af embættisbústað þeim sem honum sé skylt að sitja. Telur ráðuneytið eðlilegt að kjararáð horfi til þessa auk annarra viðmiðana við ákvörðun um launakjör biskups Íslands.

Innanríkisráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 28. september 2015. Í bréfinu segir að ráðuneytið telji rétt að kjararáð skoði launakjör biskups og hvort þau séu í samræmi við laun annarra forstöðumanna sem gegni sambærilegri stöðu og ábyrgð. Þá kemur fram að ráðuneytið telji rétt að kjararáð skoði hvort horfa eigi til ábendingar biskups er snúi að þeim breytingum sem hafi orðið á greiðslu húsaleigu fyrir afnot af embættisbústað þeim sem honum sé skylt að sitja í.

Með bréfi dagsettu 24. nóvember 2015 fékk biskup Íslands send framangreind svör ráðuneytanna til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra. Í bréfi biskupsstofu dagsettu 8. desember 2015 segir að það að vera forstöðumaður biskupsstofu sé einungis hluti af starfsskyldum biskups. Margvíslegar opinberar skyldur, héraendis og erlendis, felist í því að vera leiðtogi og fyrirsvarsmáður hinnar stjórnarskrárbundnu, evangelisku lútersku þjóðkirkju. Megi þar helst til samanburðar nefna ýmsar þær opinberu skyldur sem hvíli á forseta Íslands og forsætisráðherra. Sameiginlegt sé einnig þessum embættum að almennt séu þeir sem þeim gegni kosnir en þau ekki auglýst með venjulegum hætti. Ákvörðun kjararáðs ætti því að taka mið af samanburði við launakjör sem þeim embættum fylgi fremur en eingöngu við launakjör forstöðumanna ríkisstofnana. Með bréfinu fylgdi ítarleg lýsing á þeirri ábyrgð og þeim fjölmörgu þjónustubáttum sem á embætti biskups Íslands hvíla.

### III.

Í 62. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 segir að hin evangeliska lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og skuli ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.

Samkvæmt lögum nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar fer biskup Íslands með yfirstjórn þjóðkirkjunnar ásamt öðrum kirkjulegum stjórnvöldum eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. Hann hefur aðsetur í Reykjavík. Ísland er eitt biskupsdæmi.

Kjörgengur til biskupsembættis er hver guðfræðikandidat sem fullnægir skilyrðum til þess að gegna prestsembætti í þjóðkirkjunni. Kirkjuþing setur reglur um kosningu biskups Íslands. Forseti Íslands skipar biskup Íslands.

Biskup Íslands hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og starfi hennar í landinu. Hann er forseti kirkjuráðs. Hann fylgir eftir reglum er kirkjuþing setur, samþykktum kirkjuþings og markaðri stefnu þess og prestastefnu og hefur ákvörðunarvald um einstök mál nema þau heyri undir önnur stjórnvöld þjóðkirkjunnar samkvæmt lögum. Biskup vígir kirkjur. Biskup vígir presta og djákna og setur þeim vígslubréf. Biskup hefur yfirumsjón með kirkjuaga innan þjóðkirkjunnar og beitir sér fyrir lausn ágreiningsefna sem rísa kunna á kirkjulegum vettvangi.

Samkvæmt starfsreglum um biskupsstofu nr. 1230/2016 er biskupsstofa embættisskrifstofa biskups Íslands, hann er forstöðumaður hennar og ber ábyrgð á því að starfað sé í samræmi við lög og reglur. Biskup stýrir rekstri og faglegri starfsemi biskupsstofu með sama hætti og forstöðumenn stofnana ríkisins. Biskup ber ábyrgð á framkvæmd verkefna biskupsstofu hvort sem hann getur framselt þau til vígslubiskupa eða undirmanna sinna til umsýslu eða þarf lögum samkvæmt að annast þau sjálfur. Hann mótastefnu stofnunarinnar, forgangsraðar verkefnum og setur stofnuninni skipurit. Biskupsstofa er jafnframt þjónustumiðstöð þjóðkirkjunnar sem veitir sóknum, sjóðum, stofnunum og starfseiningum hennar ýmsa þjónustu. Biskupsstofa annast almennt fyrirvar vegna þjóðkirkjunnar og sameiginlegra mála hennar, samskipti og samstarf við hinar ýmsu stofnanir svo og erlend samskipti.

Í forföllum biskups Íslands kveður hann þann vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu til þess að gegna embætti sínu um stundarsakir. Hið sama gildir sé biskup Íslands vanhæfur til meðferðar einstaks máls sem undir hann ber að lögum. Nú fellur biskup Íslands frá eða lætur af embætti og skal

Þá sá vígslubiskup sem eldri er að biskupsvígslu gegna embætti hans þar til biskupskjör hefur farið fram og nýr biskup Íslands hefur fengið skipun í embætti sitt.

Kirkjuþing hefur æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka. Málefni er varða kenningu kirkjunnar og agavald heyra þó undir biskup Íslands. Kirkjuþingsfulltrúar eru kosnir leynilegri kosningu til fjögurra ára í senn. Kirkjuþing ákveður skipan kjördæma kirkjuþings og fjölda kirkjuþingsmanna. Á kirkjuþingi skulu leikmenn vera fleiri en vígðir. Rétt til setu á kirkjuþingi eiga biskup Íslands og vígslubiskupar, kirkjuráðsmenn, ráðherra eða fulltrúi hans og fulltrúi guðfræðideildar Háskóla Íslands. Hafa þeir allir málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hafa þeir ekki.

Kirkjuráð fer með framkvæmdarvald í málefnum þjóðkirkjunnar. Kirkjuráð er, auk biskups Íslands, skipað fjórum mönnum, tveimur guðfræðingum og tveimur leikmönnum sem kirkjuþing kys og skulu varamenn kosnir með sama hætti. Kirkjuráð fer með framkvæmd sameiginlegra málefna þjóðkirkjunnar, þar á meðal verkefna sem lög og stjórnvaldsreglur ætla því og erinda sem vísað er til þess meðal annars af hálfu kirkjuþings, prestastefnu, samtökum leikmanna, Alþingis og ráðherra. Kirkjuráð hefur forræði og forsjá um Skálholtsstað, svo sem greinir í lögum nr. 32/1963, og hefur þau afskipti af málefnum Skálholtsskóla er greinir í lögum nr. 22/1993. Kirkjuráð hefur á hendi umsjá og stjórn kristnisjóðs og ber ábyrgð fyrir kirkjuþingi á stjórn hans, sbr. lög um Kristnisjóð o.fl. nr. 35/1970. Hið sama gildir um Jöfnunarsjóð sókna, sbr. lög um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987, og kirkjumálasjóð, sbr. lög um kirkjumálasjóð nr. 138/1993. Reikningshald sjóðanna skal vera í höndum biskupsstofu og reikningsleg endurskoðun framkvæmd af Ríkisendurskoðun.

Biskup Íslands boðar til almennrar prestastefnu og er forseti hennar. Biskup Íslands útnefnir prófasta úr hópi presta. Biskup Íslands boðar til almennrar leikmannastefnu til að fjalla um málefni leikmanna, safnaða, hlutverk og störf sóknarnefnda, svo og um önnur mál er lúta að þjónustu kirkjunnar við söfnuði landsins og kristileg félagasamtök. Biskupi Íslands er heimilt að ákveða að í prófastsdæmum starfi héraðsprestar.

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð nr. 47/2006 segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skuli kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Með ákvörðun kjararáðs frá 19. júní 2007 voru laun biskups Íslands felld að sömu launatöflu og gildi fyrir aðra embættismenn sem kjararáð ákveður laun, en áður heyrði undir Kjaradóm að ákveða biskupi laun. Frá þeim tíma hafa laun hans tekið breytingum í samræmi við almennar ákvarðanir kjararáðs. Biskup Íslands er æðsti embættismaður hinnar stjórnarskrárbundnu íslensku þjóðkirkju. Við ákvörðun launakjara hans er höfð hliðsjón af því hlutverki hans og starfsskyldum samkvæmt lögum og starfsreglum sem og eðli og umfangi starfsins. Þá er einnig tekið mið af því innbyrðis samræmi sem kjararáði ber að gæta og áður er gerð grein fyrir.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun og önnur starfskjör biskups Íslands skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

#### V.

##### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. janúar 2017 skulu mánaðarlaun biskups Íslands vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokkur 142, nú 1.170.443 krónur. Að auki skal greiða honum 40 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-136, nú 9.572 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör biskups Íslands gilda reglur kjararáðs frá 17. nóvember 2015 að öðru leyti en því sem hér segir:

Ríkissjóður greiðir 1,5% af mánaðarlaunum í Vísindasjóð Prestafélags Íslands.

Ríkissjóður greiðir 0,22% af launum í Starfsmenntunarsjóð Bandalags háskólamanna (BHM) og 0,7% í Starfsþróunarsetur BHM.

Ríkissjóður greiðir 0,25% af launum í orlofssjóð BHM.

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Hulda Árnadóttir

---

Svanhildur Kaaber